

112

28. júní

Arð af sameiginlegri veiði skal skipta niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

8. gr.

9. gr.

Endurmat á arðskrá félagsins skal fara fram á fimm ára fresti, ef einn eða fleiri félagsmenn krefjast þess.

10. gr.

Brot á samþykktum þessum varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53 1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 28. júní 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

113

28. júní

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Víðidalrás.

Þingeyrar	300 einingar.
Leysingjastaðir	19 —
Hagi	33 —
Hólabak	21 —
Miðhóp	22 —
Gröf	5 —
Refsteinsstaðir	27 —
Laufás	17 —
Árnes	17 —
Þorkelshóll, Nýpukot, Sólbakki	48 —
Lækjamót	19 —
Þórukot	8 —
Stóra-Ásgeirsá	20 —
Litla-Ásgeirsá	5 —
Dæli	10 —
Hvarf	19 —
Kolugil	6 —
Bakki	12 —
Víðidalstunga	94 —
Valdarás	8 —
Kambhóll	7 —
Neðri-Fitjar	10 —
Stóra-Hvarf	3 —
Fremri-Fitjar (Tryggvi)	8 —
Fremri-Fitjar (Guðmundur)	7 —
Hrísar	12 —
Auðunarstaðir	36 —
Brautarland, Galtarnes	43 —

Síða	25 einingar.
Litla-Borg	44 —
Stóra-Borg	32 —
Gottorp	20 —
Ásbjarnarnes	43 —

113

28. júní

Alls 1000 einingar.

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnuáráðuneytið, 28. júní 1960.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUR

114

28. júní

fyrir félagshemili Hjaltastaðahrepps í Norður-Múlasýslu.

1. gr.

Nafn félagshemilisins er Hjaltalundur. Lóðin er leigulóð, leigð af jarðeignadeild ríkisins, samkv. leigusamningi staðfestum af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 31. ágúst 1945. Lóðarstærðin er 21 ha. Lóðamörk samkv. leigusamningi.

Eigendur félagshemilisins eru: Hjaltastaðahreppur að $\frac{3}{8}$ hlutum, Ungmennafélagið Fram að $\frac{3}{8}$ hlutum og Kvenfélagið Björk að $\frac{1}{8}$ hlutum.

2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagshemilinu. Hún er þannig skipuð, að stjórn hvers félags, sem er meðeigandi í félagshemilinu, kys einn mann í nefndina. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagshemilið hættir störfum, skal afhenda gerðabækurnar héraðsbókasafni Austurlands, ef stofnað verður, annars þjóðskjalasafninu til vörzlu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi er þurfa þykir. Skýlt er henni að halda fund ef einn nefndarmanna æskir þess.

Aðalfundur eigenda félagshemilisins skal vera ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur allra þeirra félaga, sem eru eigendur félagshemilisins. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagshemilisins endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun fyrir félagshemilið á yfirstandandi ári.

Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem hægt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa 3 menn frá hverjum eignaraðila félagshemilisins, þó ekki húsnefndarmenn.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi hvern þær hafa valið í húsnefnd af sinni hálfu næsta ár.